



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 8. apríl 2024

Staðsetning fundar: Reitir, Kringlunni

Dagsetning: fim 08.4.2024 kl. 15:00

Mætt:, Íris, Alexandra, Sunna, Ragnar, Sirrý Fjarverandi: Anna, Áróra, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2023-2024:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Alexandra Kjeld (AK), ritari og varaformaður – EFLA - alk@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Ragnar Ómarsson (RÓ), meðstjórnandi– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – HMS – olga.arnadottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasi.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Undirbúningur fyrir aðalfund

Farið yfir ársreikning GB 2023. Líkt og fram kemur þá er eigið fé í lok ársins 17,3mkr, en er um að ræða styrkfé vegna verkefna og fer upphæð í starfsmannahald á árinu 2024 í samræmi við tekjur félagsins. Það hefur reynst félaginu farsælt að hafa aðsetur í HMS, þar sem bæði GB og HMS hefur notið góðs af nálægðinni hvert við annað.

Fimm sæti eru laus í stjórn. Tveir gefa kost á sér áfram, Sirrý og Sunna. Komið hafa fram framboð frá EFLU, Búseta og HMS, og fleiri bætast e.t.v. við fram að aðalfundi.

Send verður áminning um aðalfund í byrjun vikunnar 15. – 19. apríl, en fundurinn fer fram 24. apríl. Búið er að staðfesta tvö fræðsluerindi og rætt var að hafa opið aðgengi á fræðsluerindin áður en við taka aðalfundarstörf fyrir aðildarfélag.

Farið var yfir starfsáætlun stjórnar varðandi rekstur og starfsemi GB og gerðar ýmislegar viðbætur og breytingar. Rædd var t.d. hvernig Grænni byggð kæmi að kennslu eða námskeiðahaldi, og að það væri farsælt að gera það í samstarfi við aðra aðila í geiranum, ekki síst aðildarfélag sem standa reglulega að námskeiðum. Farið var einnig yfir viðburði liðins árs en í ársskýrslu er gott yfirlit yfir alla viðburði og starf stjórnar yfir árið.

Rætt var að mikilvægt er að festa snemma dagsetningu fyrir Dag Grænni byggðar, að auglýsa dagsetningu og flagga viðburði fyrr. Í fyrra var mikið af viðburðum á svipuðum tíma sem tengdust sama málaflokki. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar eftir aðalfund ætti að vera að finna stað og stund fyrir DGB, finna áhugaverð erindi, mögulega erlendan Keynote fyrirlesara sem að trekkir áhuga. Einnig mikilvægt að upplýsa og/eða tryggja samráð við HMS varðandi DGB.

Næsti fundur er aðalfundur 24. apríl næstkomandi. Fleira var ekki gert. Fundi slitið 16:30.